



Framkvæmda- fréttir 38. tbl. /02



Hvar er myndin tekin? Sjá svar á baksíðu.

Gamalt blaðafni um vegagerð á vefnum vegagerdin.is

Vegagerðin er að láta safna gömlu blaðafni um vegagerð og er það sett jafnóðum inn á heimasíðu stofnunarinnar **vegagerdin.is**. Er það að finna undir Vegagerðin / Saga og minjar / Söguleg gögn / blaðafni. Efnið sem nú hefur verið birt nær frá 1888 til 1909. Leitarvélin á vefnum (smellið á stækkunargler) gerir kleift að leita að einstökum efnisorðum.

Vegna útgáfu nýrrar íslenskrar orðabókar fór af stað umræða um notkun erlendra orða í íslensku máli og hvort rétt sé að slíkt slangur sé birt í orðabók. Slíkar vangaveltur eru reyndar ekki óþekktar frá fyrri tíð en hér á eftir fer stuttur kafli úr grein sem birtist í *Ísafold* 14. nóvember 1896.

Rastamörk

Vegaleysinu hér á landi hefir eðlilega fylgt vitneskjuleysi um vegalengdir, öðruvísi en eftir ágiskun. Jafnvel eftir að farið var að gera almennilega vegi og mæla þá nákvæmlega, var ekkert

hugsað um að afmarka á þeim tilteknar vegalengdir og auðkenna með marksteinum, að dæmi síðaðra þjóða. Má vera, að það hafi verið með fram því að kenna, að vér höfum lengi átt í vændum breytingu á lengdarmáli voru, og því ekki þótt hlýða að leggja kostnað í mílu marksteina, er ónýttust innan skamms vegna þess, að lögleitt yrði tugamálið frakkneska: **rastir og stikur, -eða kílómetrar og metrar, ef mönnum þykir útlenskan bragðbetri**. Þetta nýja lengdarmál væri að öllum líkindum löngu komið í lög hjá oss, ef það atriðið lægi ekki undir alríkislöggjafarvaldið, þ. e. ríkisþingið danska með konungi. En, eins og kunnugt er, hafa Danir allt til þessa með engu móti getað hleypt í sig því framfararæði, að taka upp slíkt nýmæli, þótt löngu sé búið að því á næstu grösum við þá, á Þýskalandi, í Svíþjóð og Noregi o. s. frv.

(Greinin er birt í heild á vegagerdin.is)

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 38. tbl. 10. árg. nr. 321 25. nóv. 2002

Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Víktor Arnar Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða val@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.





Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, V:Vesturland, Vf: Vestfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland.

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
02-044 N.v. Siglufjarðarvegur (76), Gránugata - Tjarnargata á Siglufirði	03
02-074 Vf. Vestfjarðavegur (60), ræsi í Ausuá í Dýrafirði	03
02-014 Sl. Hringvegur (1), vega- og brúargerð við Skaftá	03
02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu	03
02-019 V. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð	02
01-018 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun	02
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	02
02-091 Áætlunarakstur á Suðurlandi og hluta Austurlands 2003 - 2005	02

Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
02-078 Rn. Reykjanesbraut (41), breikkun Hvassahraun - Strandarheiði, eftirlit	25.11.02	06.01.03
02-026 Au. Norðausturvegur (85) Hölná – Miðheiðarhryggur	11.11.02	25.11.02

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
02-095 Au. Hringvegur (1) Jökulsá á Breiðamerkursandi, árbakkar	04.11.02	11.11.02
02-078 Rn. Reykjanesbraut (41), breikkun Hvassahraun - Strandarheiði	14.10.02	04.11.02
02-093 N.ey. Vegslóði að rannsóknarholum á vestursvæði við Kröflu	14.10.02	28.10.02
02-027 Au. Styrking og mölburður á Austurlandi 2002-2003	16.09.02	30.09.02

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
02-090 V. Vetrarþjónusta í Norðurárdal og á Bröttubrekku 2002-2005 <i>Borgarverk ehf., Borgarnesi</i>	30.09.02	30.10.02
02-055 Au. Hringvegur (1), Biskupsháls - Vegaskarð <i>Myllan ehf., Egilsstöðum</i>	14.10.02	23.10.02
02-092 Sl. Biskupstungnabraut (35) um Laugaá <i>Mjólnir vörubílstjórafélag, Selfossi</i>	28.10.02	06.11.02
02-009 N.v. Hringvegur (1), um Vatnsdalsá (Hnausakvísl) forsteyptar einingar 2002-2003 <i>Loftorka Borgarnesi ehf.</i>	28.10.02	14.11.02

Mynd á forsiðu

Þetta er ekki fjölfarin vegur en telst þó til þjóðvega sem landsvegur, F985 Jökulvegur frá Smyrlabjörgum að Skálafellsjökli 16 km. Þar er rekin myndarleg ferðaþjónusta.

Niðurstöður útboða

Hringvegur (1), Jökulsá á Breiðamerkursandi, árbakkar 02-095

Tilboð opnuð 11. nóvember 2002. Austurlandsumdæmi. Endurbygging samtals 240 m langra árbakka við Jökulsá á Breiðamerkursandi.

Helstu magntölur: fyllingar 4.500 m³, síulag 15.500 m³. Verki skal að fullu lokið 15. desember 2002.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
11	Jarðverk Hornafirði ehf.	28.100.000	255,1	18.400
10	Ólafur Halldórsson, Tjörn	16.075.000	145,9	6.375
9	P.S. verktakar ehf., Egilsstöðum	15.541.000	141,1	5.841
8	Klæðning ehf., Kópavogi	14.950.000	135,7	5.250
7	Framrás ehf., Vík	13.370.000	121,4	3.670
6	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða	13.330.000	121,0	3.630
5	Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	12.949.121	117,6	3.249
4	S.G. vélar ehf., Djúpavogi	12.537.500	113,8	2.838
---	Kostnaðaráætlun Vg.	11.015.000	100,0	1.315
3	Suðurverk hf., Hafnarfirði	10.675.000	96,9	975
2	Rósaberg ehf., Hornafirði	9.715.000	88,2	15
1	Nóntindur ehf., Búðardal	9.700.000	88,1	0

Auglýsingar útboða

Reykjanesbraut (41) Hvassahraun – Strandarheiði, eftirlit 02-096

Vegagerðin, Reykjanesumdæmi, óskar eftir tilboðum í eftirlit með tvöföldun Reykjanesbrautar á 8,6 km löngum kafla frá Hvassahrauni á Strandarheiði ásamt eftirliti með byggingu mislægra vegamóta við Hvassahraun og Vatnsleysustrandarveg og tengingum við þau.

Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir verklokum 1. nóvember 2004.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Verkið er boðið út á evrópska efnahagssvæðinu.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgarúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 25. nóvember 2002. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 mánudaginn 6. janúar 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur verður mánudaginn 13. janúar 2003 klukkan 14:15 þar sem lesnar verðar upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.